

Reykjavík 270214

Efni: umsögn um Frumvarp til laga um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum (auglýsingar).

Sendandi: Stjórn Félags Íslenskra Öldrunarlækna

Frumvarpið felur í sér afnám á banni við sjónvarpsauglýsingum á lausasölu lyfjum. Stjórn félagsins gerir ekki athugasemdir við það megin ákvæði frumvarpsins. Hins vegar viljum við benda á að í texta frumvarpsins segir:-- Upplýsingar um pakkningastærðir, verð, stærð skammta og helstu atriði önnur um notkun og aukaverkanir skal tilgreina í lyfjaauglýsingunni **eða** birta vísun á fylgiseðil með lyfinu á vef Lyfjastofnunar--

Þykir okkur vanta á að tekin séu af öll tvímæli af því að nauðsynlegar upplýsingar sem um greinir skuli birta í auglýsingunni sjálfri. Virðist gefinn möguleiki að gera það ekki þar sem stendur **eða** birta tilvísun osfrv. Þykir okkur þetta bjóða upp á að þessum upplýsingum megi sleppa í sjálfri auglýsingunni sem að okkar mati er varhugavert. Mikilvægt er að fram komi í auglýsingunni sjálfri bæði ábending lyfs og helstu aukaverkanir. Þá er einnig mikilvægt að lausasölulýf séu í smáum pakkningum og að starfsfólki lyfjabúða sé gert skylt að annast ríkulega fræðslu við sölu á þessum lyfjum ekki síst þegar eldra fólk á í hlut.

Fyrir hönd stjórnar FÍÖ

Sigurbjörn Björnsson formaður